

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2020 - 2021 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 64 reykvískir nemendur.

Alþjóðaskólinn á Íslandi; 30 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykvískir nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 15 reykvískir nemendur.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2021, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.